

Ed.

**707. Frumvarp**

til laga um stofnun húsmæðraskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Eiðum í Fljótsdalshéraði skal stofna húsmæðraskóla með því markmiði, að veita konum þá kunnáttu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er hverri húsmóður í búanda stöðu og gerir hana færa um köllun sína. Skólinn skal hafa nauðsynleg afnot af jörðinni Eiðum.

2. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir yfirumsjón skólans. Það skipar forstöðukonu fyrir skólann, og hefir hún á hendi daglega stjórn skólans og skólaheimilisins. Að öðru leyti eru forráð skólans falin 3 manna nefnd, sem kosin er til 4 ára. Kjósa sýslunefndir Múlasýslna sinn manninn hvor, en stjórnarráðið hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar.

3. gr.

Forstöðukona hefir á hendi kenslu við skólann, og skal hún hafa leyst af hendi próf, er sýni, að hún sé fær um kenslu í hinum helstu námsgreinum hans. Hún hefir að launum 1200 kr. á ári auk leigulauss bústaðar í skólanum.

Skólanefnd ræður þá kennara aðra, er nauðsyn krefur, með samþykki stjórnarráðs.

4. gr.

Skólinn hefir á hendi bæði bóklega og verklega kenslu. Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í fræðigreinum þeim, er að

húsmóðurstörfum lúta. Auk þeirrar kenslu skal sérstök áherzla lögð á, að nemendur læri að tala og rita móðurmálið vel og skipulega, enn fremur sögu og landafræði Íslands og í sambandi við söguna sé sérstaklega skýrð þýðing konunnar fyrir heimili og þjóðfélag. Þá skal og kenna reikning og reikningsfærslu.

Verklega kenslan fer fram með munnlegri tilsögn og verklegri æfing í nauðsynlegum heimilisstörfum kvenna, og skal þar einkum kappkosta að innræta nemendum hagsýni, þrifnað og áhuga í verkum, reglusama vinnustjórn og heimilisforstöðu. Kenna skal ennfremur dráttlist, söng og leikfimi, svo sem tími og kenslukraftar leyfa.

#### 5. gr.

Aðalnámsskeið sé alt að 7 mánuðum (frá október til maí) ár hvert. En auk þess skulu vera tvö námsskeið stutt á skólanum, annað að vori, þar sem nemendur fá tilsögn og æfing í garðrækt og fleiri vorstörfum, hitt að hausti, og fá þá nemendur á sama hátt kenslu í notkun og geymslu garðávaxta (matjurta) svo og geymslu matvæla og fleiru, er að hauststörfum lýtur. Heimilt er konum utan skóla að sækja kensluskeið þessi, eins og rúm leyfir á skólanum. En þó skulu hinir föstu nemendur sitja þar í fyrirrúmi.

#### 6. gr.

Skólinn á að geta tekið á móti alt að 30 nemendum, er jafnframt hafi heimavistir í skólanum. Skal skólastjórnin sjá um, að nemendur geti komið á sameiginlegu mótuneyti.

#### 7. gr.

Stjórnarráðið setur reglugerð fyrir skólann með samráði við skólastjórnina. Sé þar, meðal annars, kveðið á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburði.

#### 8. gr.

Stjórnarráðið skal með aðstoð og ráði skólanefndar sjá um, að hæfilegur búskapur sé rekinn á skólajörðinni, bæði eftir þörfum skólans og til þess að viðhalda ræktun jarðarinnar. Reka má búskap þennan á landssjóðs ábyrgð, ef nauðsyn krefur.

#### 9. gr.

Kostnaður við að gera skólann úr garði, svo og kennaralaun og annar árlegur kostnaður greiðist úr landssjóði.

#### 10. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmdar, er sýslunefndirnar í Norðurmúlasýslu og Suðurmúlasýslu hafa afhent landsstjórninni sem móttakanda fyrir landsins hönd Eiðaskólaeignina alla í föstu og lausu til fullrar eignar og umráða með öllum skyldum og réttindum, enda taki landið að sér að greiða skuldir þær, er hvíla á eigninni og sýslufélagunum vegna Eiðaskólans.